



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 02.05.2019
1809183 SPH/hs

Efni: Aðalskipulag Flóahverfi breyting

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 29. aprílsl., var fjallað um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna Flóahverfis, sem auglýst var skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 5. mars til og með 28. apríl 2019. Breytingin felst m.a. í að landnotkunarreitir A11 er stækkaður um 3,5 ha. Gróðurbeltum er breytt til samræmis, sýndar eru tengingar svæðisins við megin gatnakerfi og tenging við iðnaðarsvæði I15. Flutningslína raforku, jarðstrengur er sýndur norðan Akrafjallsvegar og austan Flóahverfis að sveitarfélagsmörkum. Engar athugasemdir bárust.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sigurður Páll Harðarson
sviðsstjóri

Afrit: Aðalskipulagsuppdráttur